

Skýrsla um
sölu á hlutabréfum ríkisins
í Þormóði ramma hf.

Janúar 1991

EFNISYFIRLIT

	Bls.
I INNGANGUR	2
II HELSTU NIÐURSTÖÐUR	3
III ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM ÞORMÓÐ RAMMA HF. OG UMFANG FYRIRTÆKISINS	4
IV SALAN OG AÐDRAGANDI HENNAR	7
V SÖLUHEIMILDIR O.FL.....	13
VI MAT Á VIRÐI ÞORMÓÐS RAMMA HF.	15
VII MAT Á VIRÐI DRAFNARS HF.	20
VIII MAT Á VIRÐI EGILSSÍLDAR HF.	23
IX SAMEINING FÉLAGANNA.	25

I INNGANGUR

Með bréfi, dags. 20. desember 1990, fór forseti sameinaðs Alþingis þess á leit við Ríkisendurskoðun að hún kannaði sölu fjármálaráðherra á meirihluta hlutabréfa í Þormóði ramma hf. í Siglufirði. Beiðni forseta sameinaðs Alþingis er fram komin vegna óska fjögurra alþingismanna úr Norðurlandskjördæmi vestra um að stofnuninni yrði falið að rannsaka þetta mál.

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir athugun Ríkisendurskoðunar á sölu nefndra hlutabréfa ríkissjóðs í Þormóði ramma hf. Upplýsinga var aflað víða. Í bréfi, dags. 21. desember sl., var þess m.a. farið á leit við fjármálaráðuneytið að það léti í té afrit af gögnum málsins og öðrum fyrirliggjandi upplýsingum um söluna. Ráðuneytið varð við beiðni þessari með bréfi dags. 4. janúar sl. Þá fóru starfsmenn stofnunarinnar til Siglufjarðar og ræddu þar við ýmsa aðila sem málið snerti, m.a. báða tilboðsgjafa, fulltrúa bæjaryfirvalda og verkalýðsfélagsins Vöku. Þá voru eignir Þormóðs ramma hf., Drafnars hf. og Egilssíldar hf. skoðaðar.

Loks er þess að geta að upplýsinga var aflað hjá ýmsum aðilum sem tengjast útgerð og fiskvinnslu, einkum varðandi mat á verðmæti fiskiskipa og afurðabirgða.

II HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Helstu niðurstöður athugunar stofnunarinnar á sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Þormóði ramma hf. eru eftirfarandi:

- ◆ Þó svo að í lögum sé ekki að finna bein fyrirmæli eða reglur um það hvernig standa skuli að sölu hlutabréfa í eigu ríkissjóðs sýnist sem almennra jafnræðissjónarmiða hafi ekki verið gætt í nægilega ríkum mæli við sölu hlutabréfa ríkisins í Þormóði ramma hf. Þar kemur einkum til að hvorki sala hlutabréfanna né þeir skilmálar og skilyrði er sett voru fyrir sölunni voru auglýst opinberlega.
- ◆ Þegar litið er til þeirra hagsmuna sem í húfi voru í máli þessu verður að telja eðlilegt að uppgjör miðað við 30. nóvember 1990 varðandi rekstur og efnahag fyrirtækjanna sem salan og sameiningin tekur til hefði legið fyrir. Einkum á þetta þó við um Þormóð ramma hf.
- ◆ Full þörf sýnist vera á því að setja með formlegum hætti samræmdar almennar reglur um það hvernig standa skuli að sölu á eignum ríkisins með sama hætti og settar hafa verið reglur um hvernig standa skuli að opinberum innkaupum, sbr. lög nr. 52/1987.
- ◆ Miðað við þær forsendur sem Ríkisendurskoðun gaf sér við útreikning á virði Þormóðs ramma hf. og að teknu tilliti til þeirra skilyrða sem fjármálaráðuneytið setti fyrir sölunni telst verðmæti alls hlutafjár í félaginu á söludegi vera á bilinu 250 til 300 milljónir króna. Við sölu hlutabréfa ríkissjóðs var hins vegar verðmæti þeirra metið á 150 milljónir króna.
- ◆ Ríkisendurskoðun telur að beita hefði átt sömu aðferðum við mat á virði Þormóðs ramma hf., Drafnars hf., og Egilssíldar hf. vegna sameiningar félaganna. Sé virði allra fyrirtækjanna metið eftir sömu aðferðinni og forsendur Ríkisendurskoðunar að öðru leyti lagðar til grundvallar hefði hlutur Drafnars hf. og Egilssíldar hf. í hinu sameinaða fyrirtæki átt að nema tæpum 30% en ekki 40%.

III ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM ÞORMÓÐ RAMMA HF. OG UMFANG FYRIRTÆKISINS

Þormóður rammi hf. á þrjá togara. Tveir þeirra, Sigluvík og Stálvík, eru gerðir út á ísfiskveiðar. Þeir voru byggðir á árunum 1973 og 1974 og hafa ætíð verið í eigu félagsins. Þriðja skipið, Stapavík, var keypt á árinu 1987 á um 115 milljónir króna en því hefur nú verið lagt. Skipunum fylgir aflakvóti er nemur um 6.000 þorskígildum ásamt 100 tonna rækjukvóta.

Á árinu 1982 tók félagið í notkun nýtt frystihús sem þá hafði verið í byggingu í áratug. Afkastageta frystihússins er talin vera 5.000 til 6.000 tonn á ári af fiski. Á árinu 1987 keypti félagið fiskvinnsluhús í grennd við frystihúsið á um 40 milljónir króna sem einkum hefur verið notað til saltfiskverkunar og er talið að verka megi um 1.500 tonn af fullverkuðum saltfiski í þeirri aðstöðu á ári. Þá á félagið skrifstofuhúsnæði við Aðalgötu sem keypt var á árinu 1976. Hluta hússins má nota sem verbúðir. Þá á félagið verkstæðishús, frystihús sem það keypti af Síldarverksmiðju ríkisins á árinu 1974 svo og einbýlishús og íbúð í Siglufirði.

Fjárfesting félagsins á árinu 1987, þ.e. kaup á skipi og fiskvinnsluhúsi, nam 260 milljónum króna á verðlagi í lok árs 1990. Þessi fjárfesting mun hafa verið fjármögnuð með lánsfé að mestu leyti en ekki eigin fé eða sérstakri aukningu hlutafjár.

Úthlutaður aflakvóti ofangreindra þriggja skipa félagsins fyrir árið 1991 er um 6.050 tonn þorskígilda. Þar sem félagið gerir aðeins út tvo togara til veiða má ætla að félagið hafi til ráðstöfunar rúman kvóta miðað við afkastagetu skipa félagsins.

Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna Þormóðs ramma hf. í lok maímánaðar 1990 var um 700 milljónir króna, sem skiptast þannig: Fasteignir 317 milljónir króna, skip 300 milljónir króna og vélar, áhöld og tæki 85 milljónir króna. Tryggingaverð skipanna var á sama tíma 521 milljón króna og brunabótamat fasteigna og tækja rúmar 700 milljónir króna.

Í árslok 1989 var eigið fé félagsins neikvætt um 280 milljónir króna. Heildarskuldir námu tæpum 1,2 milljörðum króna. Á móti koma veltufjármunir að fjárhæð 180 milljónir króna. Skuldir að frádregnum veltufjármunum námu því rúmlega 1,0 milljarði króna. Félagið var rekið með 23 milljóna króna halla á árinu 1989. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnskostnað (framlegð) nam 122 milljónum króna eða 17,5% af tekjum félagsins á því ári.

Samkvæmt 44. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1989 var fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að höfðu samráði við fjárveitinganefnd Alþingis að semja við Þormóð ramma hf., um ráðstafanir til að bæta fjárhag fyrirtækisins. Með bréfi fjármálaráðuneytisins frá 28. desember 1989 til stjórnar Þormóðs ramma hf. kynnti fjármálaráðherra ákvörðun sína um að breyta meginhlutanum af skuldum félagsins við ríkissjóð og Ríkisábyrgðasjóð í hlutafé eða sem svaraði rúmum 383,3 milljónum króna á verðlagi 1. janúar 1990. Þann 3. júlí 1990 ritaði fjármálaráðuneytið bréf til stjórnar Þormóðs ramma hf. þar sem ríkissjóður skrifaði sig fyrir viðbótarhlutafé sem nam framangreindri fjárhæð. Eigið fé félagsins í ársbyrjun 1990 eftir framangreinda ráðstöfun taldist því jákvætt um 104 milljónir króna.

Af eðlilegum ástæðum liggja ársreikningar félagsins fyrir árið 1990 ekki fyrir. Í júlímánuði sl. fór fram milliuppgjör miðað við lok maímánaðar 1990. Samkvæmt uppgjörinu var hagnaður á fyrstu fimm mánuðum ársins 50 milljónir króna. Á tímabilinu sem milliuppgjörið tekur til stundaði félagið rækjuvinnslu auk hefðbundinnar fiskvinnslu. Sé ekki tekið tillit til rækjuvinnslunnar nam hagnaður af reglulegri starfsemi 16% af tekjum. Til loka maímánaðar hafði félagið veitt 38% af úthlutuðum aflakvóta. Í maílok 1990 var eigið fé jákvætt um 136,8 milljónir króna. Heildarskuldir námu á sama tíma 813 milljónum króna. Veltufjármunir voru aftur á móti 224 milljónir króna. Skuldir að frádregnum veltufjármunum námu því 589 milljónum króna. Langtímakröfur og hlutabréfaeign félagsins eru í milliuppgjörinu sögð nema 22,9 milljónum króna. Þess er þó að geta að í því er ekki tekið tillit til óbókfærðs eignarhluta Þormóðs ramma hf. í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna að fjárhæð um 15 milljónir króna.

Stofnunin leitaði eftir upplýsingum frá forsvarsmönnum Þormóðs ramma hf. um afkomu félagsins á árinu 1990. Samkvæmt bráðabirgðayfirliti er áætlað að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði hafi verið allt að 120 milljónir króna. Heildarskuldir eru áætlaðar 724 milljónir króna í árslok og veltufjármunir 170 milljónir króna. Skuldir að frádregnum veltufjármunum eru þannig taldar nema 554 milljónum króna í árslok 1990 og hafa því lækkað frá maíuppgjöri um 35 milljónir króna. Langtímakröfur og hlutabréfaeign félagsins um sl. áramót eru áætlaðar um 50 milljónir króna.

Samkvæmt rekstraryfirliti fyrirtækja sem bæði stunda botnfiskveiðar og -vinnslu fyrir árin 1988 og 1989 frá Þjóðhagsstofnun er meðaltal framlegðar 53 fyrirtækja fyrir afskriftir og fjármagnsliði 10,1% af tekjum á árinu 1988 og 14,4% á árinu 1989. Sé framlegð Þormóðs ramma hf. mæld með sama hætti (þ.e.a.s. ekki dregið út aflaverðmæti til eigin framleiðslu) nemur hún 9,4% árið 1988 og 13,8% 1989. Þannig er rekstrarafkoma félagsins mjög nálægt meðaltali þeirra fyrirtækja sem yfirlitið nær til.

IV SALAN OG AÐDRAGANDI HENNA

Þegar gengið var til samninga um sölu á meirihluta hlutabréfa ríkissjóðs í Þormóði ramma hf. var nafnvirði alls hlutafjár í félaginu rúmar 407,3 milljónir króna. Nafnvirði hlutabréfa ríkissjóðs nam 399,8 milljónum króna eða 98,17% af heildarhlutafé félagsins. Upphaflega var hlutur ríkissjóðs mun minni þó ætíð hafi hann átt meirihluta hlutafjár í félaginu. Þannig átti ríkissjóður um 71% hlutafjárins í félaginu í árslok 1989.

Hinn 19. desember sl. undirrituðu fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og stjórnir Þormóðs ramma hf., Drafnars hf. og Egilssíldar hf. í Siglufirði samning um sölu á 58,17% af hlutabréfum ríkissjóðs í Þormóði ramma hf. og um sameiningu Þormóðs ramma hf., Drafnars hf. og Egilssíldar hf. í Siglufirði. Við sölu var heildarhlutafé Þormóðs ramma hf. metið á 150 milljónir króna og söluverð hins selda hlutar því 87.257.225 krónur. Í samræmi við 1. gr. í nefndum samningi gerðu fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Drafnar hf. og Egilssíld hf. hins vegar sama dag með sér sérstakan kaupsamning um greiðsluskilmála og önnur atriði er beinlínis lúta að sölu ríkissjóðs á meirihluta hlutabréfa sinna í Þormóði ramma hf.

Samkv. 2. gr. fyrrnefnda samningsins eru aðilar sammála um að færa nafnverð hlutafjár Þormóðs ramma hf. niður í 120 milljónir króna. Eftir niðurfærsluna telst sölugengi hlutabréfanna vera 1,25.

Þá eru aðilar samningsins sammála um að sameina félögin Þormóð ramma hf., Drafnar hf. og Egilssíld hf. undir nafni Þormóðs ramma hf. og miðast sameiningin við 1. desember 1990. Skv. 4. gr. samningsins fá hluthafar í Drafnar hf. hlutabréf í Þormóði ramma hf. að fjárhæð 52 milljónir króna sem gagngjald fyrir öll hlutabréf sín í Drafnari hf. og hluthafar í Egilssíld hf. fá hlutabréf að nafnvirði 28 milljónir króna í Þormóði ramma hf. sem gagngjald fyrir öll hlutabréf sín í Egilssíld hf. Gengi hlutabréfa í Þormóði ramma hf. telst vera 1,25 við þessi skipti.

Samkv. 6. gr. er samkomulag um að auka hlutafé Þormóðs ramma hf. um 120 milljónir króna og skulu 80 milljónir króna afhendast í skiptum fyrir hlutabréf í Drafnari hf. og Egilssíld hf. vegna sameiningarinnar, en 40 milljónir króna skulu boðnar hluthöfum eða öðrum til kaups sem nýtt hlutafé eftir þeim reglum sem samþykktir félagsins mæla fyrir um. Kaupendur skuldbinda sig til að tryggja það að unnt verði að bjóða þeim aðilum í Siglufirði, sem þess óska, að taka þátt í þessari hlutafjárukningu.

Eftir sölu ríkissjóðs á hlutabréfum í Þormóði ramma hf. sameiningu félaganna þriggja og aukningu hlutafjár á ríkissjóður 20% hlutafjár í hinu sameinaða félagi sbr. 10. gr. samningsins.

Í 2. mgr. 10. gr. lýsir fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs því yfir að hann muni ekki selja þennan hlut innan næstu þriggja ára frá undirskrift samningsins. Þá er samkomulag um að á sama tíma verði ekki teknar neinar meiri háttar ákvarðanir af hálfu stjórnenda félagsins eða eigenda þess til breytinga á rekstri félagsins, nýtingu aflakvóta, eða um sölu á megineignum þess án samþykkis ríkissjóðs.

Á sama hátt lýsa kaupendur því yfir í 5. gr. að þeir muni viðhalda öflugum rekstri í hinu sameinaða félagi í Siglufirði. Þeir skuldbinda sig til þess að nýta aflakvóta, sem fylgir skipum félagsins, í þágu útgerðar og vinnslu í Siglufirði. Ákvæði þetta hindrar þó ekki eðlilega nýtingu aflakvóta með hliðstæðum hætti og gert hefur verið hjá félaginu á undanförunum árum, né möguleika þess til að breyta samsetningu á skipastól félagsins, en einum togara af þremur hefur verið lagt.

Aðdragandi sölunnar mun í stórum dráttum hafa verið sem hér segir:

Á fundi sem fjármálaráðherra átti hinn 4. september 1990 með bæjarstjórn Siglufjarðar og fleiri aðilum á staðnum reifaði hann í fyrsta sinn hugmyndir að breytingum á eignarhaldi í Þormóði ramma hf. Mun hann hafa mælt til þess að bæjarfulltrúar hygðu að framtíð fyrirtækisins m.a. hvort ekki væri tímabært að huga að breytingum á eignarhaldi í fyrirtækinu. Jafnframt fól hann fulltrúum sínum bæði í ráðuneytinu og í stjórn fyrirtækisins að skoða málefni þess.

Á fundi með bæjarstjórn Siglufjarðar hinn 17. nóvember sl. kynnti fjármálaráðherra síðan hugmyndir sínar varðandi sölu fyrirtækisins. Hugmyndir ráðherra lutu að því að bjóða einungis fyrirtækjum og einstaklingum í Siglufirði að kaupa hlutabréf ríkissjóðs í Þormóði ramma hf. að einhverju eða öllu leyti. Í sameiginlegri fréttatilkynningu bæjarstjórnar og ráðherra voru hugmyndir þessar reifaðar og greint frá því að grundvöllur viðræðna um eignarform fyrirtækisins væri sá að tryggja framtíð atvinnulífs í Siglufirði. Auk umræddrar fréttatilkynningar mun ráðherra hafa beint þeim tilmælum til bæjarstjórnarfulltrúa að þeir létu það berast að þeir einstaklingar og fyrirtæki í Siglufirði sem hefðu áhuga á viðræðum um málið gætu haft samband við stjórnarformann Þormóðs ramma hf. eða aðstoðarmann ráðherra. Hlutabréf ríkisins í félaginu ásamt þeim skilmálum og skilyrðum sem ráðherra setti fyrir sölunni voru þannig aldrei auglýst með formlegum hætti. Að mati fjármálaráðherra var slíkt talið óþarft þar sem viðræður um sölu á bréfum ríkissjóðs voru einskorðaðar við heimaaðila.

Í framhaldi af fundi ráðherra með bæjarstjórn og fleirum þann 4. september sl. og fram til 17. nóvember bárust nokkrar óformlegar fyrirspurnir

um fyrirtækið bæði frá heimamönnum og öðrum. Sumir kynntu þá þegar hugmyndir sínar um kaup á hlutabréfum ríkissjóðs. Þar á meðal voru þeir sem síðar keyptu meirihluta hlutabréfa ríkissjóðs í fyrirtækinu. Að svo stöddu gaf fjármálaráðuneytið hugmyndum þessum ekki mikinn gaum enda málið þá ekki komið á það stig að hægt væri að gefa einhlít og tæmandi svör varðandi söluna.

Hinn 19. nóvember sl. gerðu forsvarsmenn siglfirsku fyrirtækjanna Drafnars hf. og Egilssíldar hf. óformlegt (munlegt) tilboð í öll hlutabréf ríkisins í Þormóði ramma hf. Alls voru þeir reiðubúnir að greiða 140 milljónir króna fyrir öll bréfin. Nánar tiltekið fólst í tilboði þeirra að greiða 20 milljónir við undirskrift, 20 milljónir innan árs frá undirskrift og 100 milljónir með verðtryggðu skuldabréfi til 10 ára er bæri 1% vexti. Samhliða kaupum voru ofangreindir aðilar reiðubúnir að lýsa því yfir að þeir hyggðust sameina fyrirtækin tvö Þormóði ramma hf., auka hlutafé um 100 milljónir króna og falla frá forkaupsrétti að hlutafjárukningunni, minnka ekki umsvif rekstrarins frá því sem verið hefði og loks að gera hið nýja félag á nokkrum árum að almenningshlutafélagi með dreifri eignaraðild. Tilboði þessu var ekki tekið.

Hinn 30. nóvember og 1. desember sl. kynnti ráðuneytið þingmönnum Norðurlandskjördæmis vestra málið og stöðu þess. Um svipað leyti lá fyrir sú ákvörðun ráðuneytisins að selja ekki allan hlut ríkisins í fyrirtækinu heldur hyggðist það eiga áfram nokkurn hlut í því þó ekki meirihluta.

Hinn 4. desember sl. komu forsvarsmenn Drafnars hf. og Egilssíldar hf. á fund ráðuneytisins og settu fram nýtt tilboð sem í stórum dráttum má segja að kaupin hafi síðar grundvallast á. Að formi til var tilboð þetta ófullkomið þar sem einungis var í grófum dráttum greint frá því sem aðilar voru tilbúnir að greiða fyrir hið selda. Tilboðsgjafar munu um önnur atriði hafa vísað til fyrra tilboðs.

Hinn 8. desember sl. fékk ráðuneytið Endurskoðun hf. til þess að skila greinargerð um sölu á hlutabréfum í Þormóði ramma hf. og samruna við önnur félög. Í greinargerð þessari, sem dags. er 11. desember, eru dregnar saman helstu upplýsingar um félög þau, sem hér um ræðir. Í inngangi greinargerðarinnar segir svo orðrétt:

„Að undanfögnu hafa farið fram viðræður milli fulltrúa fjármálaráðuneytisins og nokkurra aðila á Siglufirði um kaup þeirra síðarnefndu á hlut ríkissjóðs í Þormóði Ramma hf. Í því sambandi hefur m.a. verið rætt um að ríkissjóður seldi hluta af eign sinni í félaginu, en félagið yrði síðan sameinað tveimur öðrum fiskvinnslufyrirtækjum á Siglufirði þeim Drafnari hf. og Egilssíld hf. Það eru eigendur síðarnefndu félaganna tveggja sem átt hafa viðræður við ráðuneytið um kaupin.

Í framhaldi af þeim viðræðum og þeim hugmyndum sem fram hafa komið um hugsanlegt söluverð hlutabréfanna í Þormóði Ramma hf. og mat á eigin fé þeirra

félaga sem rætt hefur verið um að sameinuðust í einu félagi eftir sölu hlutabréfanna munum við í greinargerð þessari draga saman helstu niðurstöður viðræðnanna og leggja lauslegt mat á hugmyndirnar. Höfum við í því sambandi einkum stuðst við viðræður við fulltrúa ráðuneytisins og þau gögn sem legið hafa fyrir svo sem ársreikninga félaganna fyrir árið 1989 og milliuppgjör frá árinu 1990."

Í framhaldi af greinargerð Endurskoðunar hf. gekk ráðuneytið frá minnisblaði (dags. 12. desember) þar sem aðdraganda og stöðu málsins er lýst stuttlega. Þar er m.a. greint frá því að fjórir aðilar hafi lýst yfir vilja til að kaupa hlutabréf ríkissjóðs í fyrirtækinu, tveir til viðbótar höfðu spurst fyrir um hag þess. Þeir aðilar sem hér um ræðir eru ekki nafngreindir utan þeir sem á þessu tímamarki höfðu lagt fram tilboð í umræddan hlut ríkissjóðs í Þormóði ramma hf. Jafnframt er frá því greint að fjármálaráðuneytið hafi ákveðið að ganga til viðræðna við nefnda tilboðsgjafa um sölu á hlutabréfum í Þormóði ramma hf. og skyldi í væntanlegum viðræðum miðað við eftirgreind atriði:

- „1. Kaupendur gefi bindandi yfirlýsingu um að þeim sé óheimilt að stuðla að því með sölu á skipum og/eða kvóta að minni afli verði verkaður hjá Þormóði ramma hf. en verið hefur á undanförunum árum.
2. Farin verði „blönduð leið“, sem samanstendur af sölu hlutabréfa ríkissjóðs, almennu hlutafjárútbóði og sameiningu fyrirtækja, sem leiðir til aukinnar hagræðingar. Niðurstaðan leiði til dreifðar eignaraðildar."

Jafnframt sagði svo orðrétt í nefndu minnisblaði:

„Leiði viðræður til skynsamlegrar niðurstöðu, gæti atburðarásin á næstu vikum orðið þannig:

- a) Ríkissjóður selur Drafnari hf. og Egilssíld hf. meirihluta af hlutabréfum sínum í Þormóði ramma hf.
- b) Fyrirtækin Drafnar hf. og Egilssíld hf. sameinast Þormóði ramma hf.
- c) Boðið verður út nýtt hlutafé og eiga aðilar á Siglufirði, aðrir en Drafnar hf. og Egilssíld hf. forkaupsrétt í tiltekinn tíma.

Eftir sölu nýrra hlutabréfa ætti ríkissjóður um 20% í hinu nýja sameinaða fyrirtæki, en það yrði að öðru leyti með blandaða eignaraðild fjölmargra heimamanna.

Á næstu misserum yrði gengið svo frá málum, að hlutabréf í endurnýjuðum Þormóði ramma hf. yrðu skráð hjá verðbréfasöllum."

Hinn 14. desember sl. mun ofangreint minnisblað hafa verið kynnt þingmönnum Norðurlands vestra ásamt því að þeim var sýnd skýrsla Endurskoðunar hf. sem trúnaðarmál. Á meðan á ofangreindum fundi stóð

barst ráðuneytinu bréf frá forsvarsmönnum „Samstarfshóps um kaup á hlutabréfum í Þormóði ramma hf.“, eins og hópur þessi nefnir sig, þar sem óskað er eftir viðræðum við ráðuneytið um kaup á hlutabréfum í Þormóði ramma hf. Þar sem fyrir lá tilboð frá forsvarsmönnum Drafnars hf. og Egilssíldar hf. taldi ráðuneytið nauðsynlegt að „samstarfshópurinn“ skilaði inn tilboði ekki síðar en næsta dag, þ.e. 15. desember sl. Þann dag voru fyrirhugaðar fyrstu formlegu viðræður aðila um tilboð forsvarsmanna Drafnars hf. og Egilssíldar hf. en þeir gerðu það að skilyrði að frá málinu yrði gengið fyrir áramót ef tilboð þeirra ætti að standa.

Á fundi með ráðuneytismönnum þann 15. desember sl. lagði „samstarfshópurinn“ fram tilboð sitt en í því fólst að greiða rúmar 134 milljónir króna fyrir allt hlutafé ríkissjóðs í Þormóði ramma hf. Verðið skyldi greitt með verðtryggðum skuldabréfum til tólf ára er bæru 4% vexti er væru tryggð með sjálfskuldarábyrgð kaupenda eða öðrum þeim tryggingum sem um kynni að semjast.

Í greinargerð sem tilboði „samstarfshópsins“ fylgdi kemur fram að í kjölfar fundar fjármálaráðherra með bæjarstjórn 17. nóvember sl. hafi verið myndaður starfshópur til að kanna leiðir til þess að kaupa hlutabréfin ásamt því að tryggja framtíð og vöxt fyrirtækisins innan bæjarfélagsins. Síðan segir svo orðrétt í greinargerðinni:

„Niðurstaða þessarar umræðna varð sú að fá sem breiðastan hóp Siglfirðinga til þátttöku í kaupunum og dreifa eignaraðild þannig að enginn einn einstaklingur yrði allsráðandi í félaginu.

Þrátt fyrir skamman undirbúningstíma hafa undirtektir þeirra sem rætt var við verið mjög góðar og eru nú þegar 40 - 50 einstaklingar tilbúnir til þess að skrá sig til þátttöku í kaupunum, með mjög mismunandi stóra hluti hver fyrir sig, en stefnt er að því að enginn einn einstaklingur eignist meira en 10% í félaginu.

Vegna þessarar breiðu þátttöku telja bjóðendur að hagsmunir seljanda verði fulltryggðir með sjálfskuldarábyrgðum kaupendanna, þar sem hver um sig mun taka á sig fulla persónulega ábyrgð vegna þeirra hlutabréfa sem hann kaupir.

Í framhaldi þessara kaupa hyggjast bjóðendur vinna að hlutafjárukningu í félaginu um a.m.k. 100 milljónir króna og hefur m.a. verið leitað eftir þátttöku útgerðaraðila í þeirri hlutafjárukningu, en vegna tímaskorts er þessi þáttur ekki fullunninn.

Nái þessar áætlanir, þ.e. um hlutafjárukningu, aukinn fiskveiðikvóta og fleiri fiskiskip, fram að ganga ætti framtíð Þormóðs ramma hf. að vera tryggð til frambúðar í bæjarfélaginu, þannig að hann yrði jafnvel ennþá styrkari stoð undir atvinnulífinu en verið hefur hingað til.”

Frekari fundi átti ráðuneytið ekki með „samstarfshópnum“ þó á næstu dögum hafi símleiðis verið aflað nánari upplýsinga um tilboð þeirra. Hins vegar hélt það viðræðum sínum áfram við forsvarsmenn Drafnars hf. og

Egilssíldar hf. Hinn 18. desember sl. ákvað ráðuneytið síðan endanlega að selja Drafnari hf. og Egilssíld hf. sem svaraði 58,17% af öllu hlutafé í Þormóði ramma hf. á rúmar 87,2 milljónir króna og var gengið endanlega frá málinu og samningar þar að lútandi undirritaðir hinn 19. desember s.l. „Samstarfshópnum“ var tilkynnt þessi niðurstaða samdægurs. Þá hafði hópurinn safnað 133 mönnum til viðbótar á lista yfir þá sem lýstu áhuga sínum á því að kaupa hlut í félaginu á þeim forsendum sem „samstarfshópurinn“ vann eftir.

Ríkisendurskoðun telur samanburð á tilboðum sem bárust í hlutabréf ríkissjóðs í Þormóði ramma hf. vera ýmsum annmörkum háðan einkum vegna þess að ekki var tryggt að báðir bjóðendur hafi gengið út frá þeim skilyrðum sem sett voru af hálfu seljanda. E.t.v. undirstrikar þetta betur en margt annað nauðsyn þess að gera tilteknar lágmarkskröfur varðandi form við gerð útboða og tilboða af þessu tagi.

V SÖLUHEIMILDIR O.FL.

Samkvæmt auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 96/1969 fer fjármálaráðuneytið m.a. með mál er varða eignir ríkisins, þar á meðal hlutabréf, svo og fyrirsvar þeirra vegna, nema sérstaklega sé lagt til annars ráðuneytis. Svo hefur ekki verið gert í því tilviki sem hér um ræðir og er heimild fjármálaráðherra því ótvíræð að þessu leyti. Reyndar ber Innkaupastofnun ríkisins samkvæmt lokamálslið 5. gr. laga nr. 52/1987 um opinber innkaup að ráðstafa eigum ríkisins sem ekki er lengur þörf fyrir. Miðað við forsögu ákvæðisins og með hliðsjón af 1. og 3. gr. laganna er að mati Ríkisendurskoðunar ekkert athugavert við það að fjármálaráðuneytið annist sölu hlutabréfa sjálf án aðstoðar Innkaupastofnunar ríkisins.

Samkvæmt 40. gr. stjórnarskrárinnar er óheimilt að selja eða láta af hendi nokkra fasteign ríkisins né afnotarétt hennar nema lagaheimild komi til. Takmörkun þessi lýtur einungis að fasteignum en hvorki skipum, loftförum eða öðrum lausafjárverðmætum sem þó kunna að vera engu verðminni en fasteignir. Í öðrum lögum er ekki að finna fyrirmæli er takmarka söluheimildir ráðherra að þessu leyti. Telja verður ólíklegt að hægt sé að fella verðmæti þau sem hér um ræðir undir 40. gr. stjórnarskrár með lögjöfnun enda kemur þar fleira til skoðunar en verðmæti fasteigna eitt og sér.

Af framansögðu má ljóst vera að fjármálaráðherra hefur bæði formlega og efnislega heimild til þess að selja umrædd hlutabréf í Þormóði ramma hf. Á hinn bóginn má spyrja að því hvort almennra jafnræðissjónarmiða, sem stjórnvöldum ber að hafa í huga í stjórnsýslu sinni, hafi verið gætt í nægilega ríkum mæli við sölu hlutabréfanna. Í þessu sambandi skal einkum bent á það að hlutabréfin voru aldrei formlega auglýst til sölu. Skilyrði eða skilmálar sem sett voru fyrir sölunni og aðrar slíkar almennar upplýsingar um hana voru ekki auglýstar sérstaklega. Má í þessu sambandi nefna atriði eins og að tilboð séu skrifleg, tilboðsfresti, hvað mikið af hlutabréfum ríkissjóðs væri til sölu, skilyrði varðandi nýtingu á aflakvóta í þágu útgerðar og vinnslu í Siglufirði, forkaupsrétt Siglufirðinga, upplýsingar um rekstur og fjárhag Þormóðs ramma hf. o.s.frv. Til samanburðar í þessu sambandi má vísa til auglýsingar fjármálaráðuneytisins dags. 7. desember 1983 þar sem óskað er eftir tilboðum í hlutabréf ríkissjóðs í 15 hlutafélögum.

Með því að gera tilteknar lágmarkskröfur um form tilboða svo og að auglýsa eftir tilboðum opinberlega og greina frá þeim skilyrðum sem sett kunna að vera er að mati Ríkisendurskoðunar líklegra að tilboð verði samanburðarhæfari en ella. Auk þess er jafnræði bjóðenda tryggt og því komið í veg fyrir óþarfa tortryggni gagnvart vali á tilboðum og sölusamningi í

framhaldi af því. Eins og áður er getið eiga ákvæði laga nr. 52/1987 ekki beint við um sölu hlutabréfa. Hins vegar er að mati Ríkisendurskoðunar eðlilegt að sömu meginreglurnar og gilda um kaup ríkisins á vörum og þjónustu samkvæmt nefndum lögum, sbr. 1. og 6. gr. þeirra, gildi um sölu á eignum ríkisins, enda stuðla þær að vandaðri stjórnsýslu.

Miðað við þá hagsmuni sem í húfi voru í þeirri sölu sem hér um ræðir hefði að mati Ríkisendurskoðunar bæði verið eðlilegt og æskilegt að nýrri uppgjör um rekstur og efnahag þeirra fyrirtækja allra sem sölunni tengjast, þ.e. Þormóðs ramma hf., Drafnars hf. og Egilssíldar hf. hefðu legið fyrir. Vinna við slík milliuppgjör getur hvorki talist svo umfangsmikil, tímafrek eða dýr að ekki sé réttlætanlegt að afla þeirra. Eins og á stóð í því máli sem hér um ræðir hefði að mati Ríkisendurskoðunar verið eðlilegt að uppgjör um fyrirtækin miðað við 30. nóvember 1990 hefðu legið fyrir þegar ákvörðun um söluna var tekin. Einkum sýnist þetta eiga við um Þormóð ramma hf.

VI MAT Á VIRÐI ÞORMÓÐS RAMMA HF.

Við mat á söluvirði hlutabréfa í fyrirtækjum eins og Þormóði ramma hf. koma einkum tvær leiðir til greina. Annars vegar að leggja mat á virði einstakra eigna á söludegi án tillits til nokkurra skilyrða af hálfu seljanda (eignamat) og hins vegar að meta virði alls fyrirtækisins í hendi kaupanda að teknu tilliti til skilyrða sem seljandi kann að setja fyrir sölunni („tekjuvirðismat“).

Rétt er að fram komi hér að markmið fjármálaráðherra með sölu á hlutabréfum ríkissjóðs í Þormóði ramma hf. mun m.a. hafa verið eftirfarandi:

1. Að tryggja áframhaldandi rekstur fyrirtækisins í Siglufirði og að aflakvóti félagsins héldist í byggðarlaginu.
2. Að efla athafnalíf í Siglufirði í höndum heimamanna sjálfra og draga um leið úr þátttöku ríkisins í atvinnulífi á staðnum.
3. Að auka hagræðingu í fiskvinnslu og útgerð, m.a. með samruna fyrirtækja og samnýtingu eigna og tækjabúnaðar.
4. Að gefa sem flestum Siglufirðingum sem áhuga kunna að hafa tækifæri til að eignast hlut í fyrirtækinu.

Að mati ráðherra var ekki rétt að taka eingöngu mið af markaðsvirði eigna þeirra er hér um ræðir heldur bar og að taka tillit til atvinnu-, byggða- og félagslegra sjónarmiða við sölu á meirihluta hlutafjár ríkisins í félaginu.

Þegar tekið er tillit til þeirra skilyrða sem fjármálaráðherra setti fyrir sölu hlutabréfa ríkissjóðs er eðlilegt að leggja síðargreindu matsaðferðina („tekjuvirðismat“) til grundvallar við mat á andvirði hlutabréfa ríkissjóðs í félaginu. Engu að síður telur stofnunin rétt bæði til fróðleiks og samanburðar að leggja jafnframt mat á virði einstakra eigna félagsins eftir fyrrgreindu aðferðinni án tillits til ofangreindra markmiða og skilyrða sem ráðherra setti fyrir sölunni. Í samræmi við þetta er gerð grein fyrir báðum aðferðunum hér á eftir.

Tekjuvirði

Við mat á tekjuvirði þarf að gefa sér ýmsar forsendur um reksturinn í framtíðinni. Hér er gert ráð fyrir að tekjur Þormóðs ramma hf. verði rúmur 1,0 milljarður króna á árinu. Tekjur af frýstingu 700 milljónir króna m.v. 6.000

tonna kvóta í þorskígildum og að framlegð frystingar sé 17%. (Ekki er í þessu sambandi tekið tillit til sameiningar Drafnar hf. og Egilssíldar hf. við félagið). Tekjur af aflaverðmæti skipa eru áætlaðar 320 milljónir króna og framlegð þeirra aðeins 8%. Þess ber þó að geta að verð á botnfiskafurðum var hátt á árinu. Á móti kemur að skip félagsins fara af sóknarmarki á aflamark á árinu 1991 og er það talið geta aukið úthald við veiðar. Framlegð til afskrifta og vaxta er áætluð 14,2% af tekjum sem er næst meðaltali framlegðar 53 fyrirtækja með blandaðan rekstur í botnfiskveiðum og -vinnslu á árinu 1989, sbr. áður nefnt yfirlit frá Þjóðhagsstofnun. Afskriftir eru áætlaðar 62 milljónir króna en það svarar til afskrifta á árinu 1990. Raunvextir langtímalána eru áætlaðir 8% af 550 milljón króna langtímaskuldum og raunvextir afurðalána 10% af 90 milljónum króna

Miðað við ofangreindar forsendur má finna tekjuvirði félagsins með eftirfarandi hætti:

	m.kr.
Heildartekjur	1.020,0
Framlegð 14,2% meðaltal	145,0
Afskriftir	-62,0
Vextir langtímalána (8% af 550 mkr.)	-44,0
Vextir afurðalána (10% af 90 mkr.)	<u>-9,0</u>
Nettó framlegð	30,0

Miðað við að fyrirtækið væri selt fyrir 300 milljónir króna gæfi það eigendum samkvæmt framansögðu 10% arð af söluverðmætinu.

Eignamat

Eignir félagsins eru eins og áður hefur komið fram þrír togarar með aflakvóta 6.050 þorskígildi og fasteignir. Þar er helst að nefna frystihús sem getur afkastað allt að 25 til 30 tonnum af fiski á dag, fiskvinnsluhús og skrifstofuhúsnæði. Ennfremur tæki og áhöld sem nauðsynleg eru fyrir vinnslu á frystum fiski, saltfiskverkun og ísframleiðslu. Loks má nefna að félagið á birgðir og aðra veltufjármuni. Að jafnaði starfa hjá félaginu 180 til 200 manns.

Skip	Smíðaár	Stærð	Vátr.gj.	Kvóti(to nn):
		(br.l.)	jan.'90	Þorskur Rækja

			(m.kr.)		
Stálvík	1973	364	170,2	1.996	
Sigluvík	1974	450	210,5	1.938	
Stapavík	1966	<u>399</u>	<u>140,7</u>	<u>2.116</u>	
					<u>10</u>
					<u>0</u>
Samtals		1.213	521,4	6.050	
					10
					0

Sé gengið út frá eftirfarandi forsendum er markaðsverð skipa félagsins um 925 milljónir króna:

- Kvóti skipanna er reiknaður til söluverðs og er í því sambandi gengið út frá að verð þorskígilda sé 125 kr/kg. Verð á rækjukvóta er einnig reiknað á 125 kr/kg. Alls er verðmæti kvótans 769 milljónir króna.
- Verð b/v. Stálvíkur og b/v. Sigluvíkur er miðað við 1/3 af váttryggingarvirði eða samtals 127 milljónir króna. Hvað varðar b/v Stapavík er miðað við hámarksgreiðslur Úreldingarsjóðs fiskiskipa á skip til úreldingar eða 16,8 milljóna króna. Við úreldingarmatsvirðið er síðan bætt 13,2 milljónum króna vegna sölu tækja og telst verð hennar því alls 30 milljónir króna. Samtals telst verðmæti skipanna þannig vera 157 milljónir króna.

Fastafjármunir félagsins voru eftirtaldir í lok maí 1990:

Fiskvinnsluhús:

(í millj. króna)	Bygg.ár.	Stofnverð eða kaupár	Afskriftir	Bókfært verð
Frystihús	1982	297,5	88,2	209,3
Frystihús eldra	1974	25,0	15,8	9,2
Frystiklefar		72,9	39,0	33,9
Fiskvinnsluhús	1987	<u>41,3</u>	<u>4,4</u>	<u>36,9</u>
Samtals		<u>436,7</u>	<u>147,4</u>	<u>289,3</u>

Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir:

(í millj. króna)	Stofnverð	Afskriftir	Bókfært verð
Fasteignir	35,0	6,8	28,2
Vélar í frystihúsi	124,3	83,7	40,6
Innréttingar, vélar og tæki	43,7	14,1	29,6
Ýmsar eignir tengdar fiskv.	29,4	22,8	6,6
Skrifstofuáhöld	6,8	5,7	1,1
Bifreiðar og lyftarar	<u>20,4</u>	<u>12,9</u>	<u>7,5</u>
Samtals	<u>259,6</u>	<u>146,0</u>	<u>113,6</u>
Samtals fastafjármunir	<u>696,3</u>	<u>293,4</u>	<u>402,9</u>

Samkvæmt framansögðu er bókfært verð fastafjármuna (skip ekki meðtalin) um 403 milljónir króna. Bókfært verð fasteigna var þar af 318 milljónir króna, en til samanburðar var fasteignamat þeirra hinn 1. desember 1990 142 milljónir króna. Brunabótamat fastafjármuna er um 713 milljónir króna. Gera verður ráð fyrir að markaðsverð eignanna sé mun lægra vegna þeirrar óvissu sem er um rekstur fiskvinnslustöðva sem ekki ráða sjálfar yfir skipum til hráefnisöflunar. (kvótinn fylgir togurunum við þetta mat.) Hér er markaðsverð eignanna áætlað 200 milljónir króna þ.e. eignir eru metnar á hálfu bókfærðu verði.

Að því er fasteignirnar varðar er ofangreind niðurstaða svipuð þeirri niðurstöðu sem fengist ef miðað væri við fasteignamat þeirra hinn 1. desember s.l. eða 142 milljónir króna. Bókfært verð fasteigna var 318 milljónir króna og er helmingur þeirrar fjárhæðar 159 milljónir króna.

Félagið átti áhættufjármuni og langtímakröfur að fjárhæð 37,9 milljónir króna. Veltufjármunir námu samtals 224,4 milljónum króna, þar af voru 115,1 milljón króna í birgðum. Ekki er talin ástæða til að endurmeta þessar eignir.

Heildarverðmæti eigna Þormóðs ramma er samkvæmt framanskráðu um 1.338 milljónir króna. Frá þeirri upphæð dragast skuldir að fjárhæð 813 milljónir króna. Nettóvirði eigna í maílok 1990 var því 575 milljónir króna miðað við framangreindar forsendur.

Þess ber að geta að félagið á ónýttan skattalegan tapsfrádrátt sem í árslok 1989 var 611,2 milljónir króna. Eftir að þessi frádráttarheimild hefur

verið hækkuð skv. verðbreytingarstuðli stóð hún í 728,3 milljónum króna í árslok 1990.

VII MAT Á VIRÐI DRAFNARS HF.

Félagið hefur starfrækt rækjuverksmiðju í Siglufirði frá árinu 1987. Áður stundaði það saltfiskverkun. Eignir félagsins felast fyrst og fremst í verksmiðjuhúsnæði ásamt tilheyrandi vélum og tækjum, ásamt birgðum af rækju. Hjá félaginu starfa að jafnaði milli 15 og 20 starfsmenn.

Tekjuvirði

Þær forsendur sem gefnar eru við mat á tekjuvirði Drafnars hf. eru eftirfarandi:

- Tekjur félagsins voru 115 milljónir króna á árinu 1989, en hafa verið áætlaðar um 160 milljónir króna á árinu 1990. Í þessu sambandi þarf þó að taka tillit til verðlækkunar á fullunninni rækju á síðari hluta árs 1990. Ekki er ljóst á þessari stundu hvort og þá hvenær verð muni aftur hækka. Í ljósi þessa eru framtíðartekjur Drafnars hf. áætlaðar 150 milljónir króna.
- Framlegð fyrirtækisins er áætluð 12,5% eða svipuð því sem hún var árið 1989.
- Afskriftir eru áætlaðar 4,5 milljónir króna og eru þær byggðar á milliuppgjöri félagsins fyrir fyrstu sjö mánuði ársins 1990.
- Raunvextir langtímalána eru áætlaðir 8% af 27 milljón krónum og raunvextir afurðalána 10% af 50 milljónum króna.

Miðað við ofangreindar forsendur má finna tekjuvirði félagsins með eftirfarandi hætti:

	m.kr.
Heildartekjur	150,0
Framlegð (12,5%)	19,0
Afskriftir	-4,5
Vextir langtímalána (8% af 27 m.kr.)	-2,0
Vextir afurðalána (10% af 50 m.kr.)	<u>-5,0</u>
Nettó framlegð	7,5

Miðað við að fyrirtækið væri selt fyrir 75 milljónir króna gæfi það eigendum samkvæmt framansögðu 10% arð af söluverðmætinu.

Eignamat

Varanlegir rekstrarfjármunir samkvæmt milliuppgjöri í júlílok voru bókfærðir á 28,0 milljónir króna. Þar af eru fasteignir félagsins bókfærðar á 8,7 milljónir króna, en vélar, áhöld og flutningatæki á 12,3 milljónir króna og skip á 7,0 milljónir króna. Skip félagsins var selt á síðari hluta ársins 1990 fyrir tvöfalt bókfært verð eða á 14,0 milljónir króna.

Rekstrarfjármunir:

(í millj. króna)	Stofnverð	Afskriftir	Bókfært verð
Vélar og áhöld			11,1
Flutningatæki			1,2
Fasteignir	—	—	<u>8,7</u>
Samtals	—	—	<u>21,0</u>

Brunabótamat fasteigna er 29,1 milljón króna og véla 32,0 milljónir króna eða alls 61,1 milljónir króna. Ekki er óeðlilegt að mati Ríkisendurskoðunar að ganga út frá því að markaðsverð þessara eigna jafngildi hálfu brunabótamati og er svo gert hér.

Veltufjármunir í lok júlímánuðar 1990 námu alls 95,2 milljónum króna, þar af voru birgðir 87,7 milljónir eða 92%. Birgðir voru metnar m.v. verðlag á rækjuafurðum í júlímánuði 1990. Samkvæmt upplýsingum samtaka rækjuframleiðenda hefur rækja fallið í verði frá júlí sl. til áramóta um 15 til 18%. Leitað var eftir upplýsingum hjá forsvarsmönnum Drafnars hf. um sölu á síðari helmingi ársins 1990 og að teknu tilliti til þeirra upplýsinga er áætlað að verðfall á rækjubirgðum hjá félaginu hafi orðið um 10% eða um 9 milljónir króna.

Áhættufjármunir og langtímakröfur námu alls 4,2 milljónum króna.

Veltufjármunir að teknu tilliti til endurmats birgða og sölu skips að frádregnum skuldum sýna eignir umfram skuldir að fjárhæð 5 milljónir króna.

	m.kr.
1/2 brunabótamat fasteigna og véla	30,6
Söluverð skips	14,0
Veltufjármunir	95,2

Ofmat birgða	-9,0
Áhættufjármunir og langtímakröfur	<u>4,2</u>
	<u>135,0</u>

Heildarverðmæti eigna Drafnars hf. telst samkvæmt framangreindum forsendum um 135 milljónir króna. Frá þessari fjárhæð dragast skuldir félagsins að fjárhæð 95,0 milljónir króna. Nettóvirði eignanna telst því 40 milljónir króna miðað við framangreindar forsendur.

VIII MAT Á VIRÐI EGILSSÍLDAR HF.

Félagið hefur í áratugi unnið sjávarafurðir til sölu á neytendamarkaði, aðallega reykt síldarflök. Auk innanlandsmarkaðar hafa Sovétríkin verið mikilvægur markaður fyrir framleiðsluvörur félagsins. Um 15 starfsmenn hafa að jafnaði unnið hjá félaginu.

Tekjuvirði

Forsendur sem gefnar eru við mat á tekjuvirði Egilssíldar hf. eru eftirtaldar:

- Tekjur félagsins voru 49 milljónir króna á árinu 1989 en hafa verið áætlaðar um 40 milljónir króna á árinu 1990. Samdráttur tekna er skýrður með erfiðleikum á sölu til Sovétríkjanna. Einnig er ljóst að aukið framboð á ódýrum reyktum laxi á innanlandsmarkaði hefur skert sölumöguleika á hefðbundnum framleiðsluvörum fyrirtækisins. Framtíðartekjur Egilssíldar hf. eru hér áætlaðar 45 milljónir króna.
- Framlegð fyrirtækisins er áætluð 17% sem er svipað og árið 1989.
- Afskriftir eru áætlaðar 1,3 milljónir króna og eru þær byggðar á milliuppgjöri félagsins fyrir fyrstu sjö mánuði ársins 1990.
- Raunvextir langtímalána eru áætlaðir 8% af 10 milljón krónum og raunvextir afurðalána 10% af sömu fjárhæð.

Miðað við ofangreindar forsendur má finna út tekjuvirði félagsins með eftirfarandi hætti:

	m.kr.
Heildartekjur	45,0
Framlegð (17%)	7,7
Afskriftir	-1,3
Vextir langtímalána (8% af 10 m.kr.)	-0,8
Vextir afurðalána (10% af 10 m.kr.)	<u>-1,0</u>
Nettó framlegð	4,6

Miðað við að fyrirtækið væri selt fyrir 46 milljónir króna gæfi það eigendum samkvæmt framansögðu 10% arð af söluverðmætinu.

Eignamat

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins samkvæmt milliuppgjöri 31. júlí 1990 voru bókfærðir á 10,4 milljónir króna. Þar af er verksmiðjuhús bókfært á 3,1 milljón króna. Brunabótamat fasteignarinnar er 26,3 milljónir króna og áhalda og véla 14,5 milljónir króna. Þykir hæfilegt að telja markaðsverð eignanna jafngilda hálfu brunabótamati þeirra.

Áhöld og tæki eru bókfærð á 7,3 milljónir króna og eru tæplega 2/3 hlutar þeirrar fjárhæðar reykofn, vog og umbúðavél sem keypt voru á árunum 1988 og 1989.

Rekstrarfjármunir:

(í millj. króna)	Stofnverð	Afskriftir	Bókfært verð
Verksmiðjuhús	4,1	1,0	3,1
Áhöld og tæki	<u>10,5</u>	<u>3,2</u>	<u>7,3</u>
Samtals	<u>14,6</u>	<u>4,2</u>	<u>10,4</u>

Veltufjármunir í lok júlí 1990 námu alls 22,3 milljónum króna, þar af vörubirgðir 18,8 milljónir króna eða 84% af veltufjármunum. Heildarskuldir námu alls 23,6 milljónum króna, þar af voru langtímalán 8,7 milljónir króna. Skuldir að frádregnum veltufjármunum eru 1,3 milljónir króna. Eigið fé félagsins nam 9,0 milljónum króna.

	m.kr.
1/2 brunabótamat fasteignar, áhalda og véla	20,4
Veltufjármunir	<u>22,3</u>
	<u>42,7</u>

Heildarverðmæti eigna Egilssíldar hf. er hér metið á um 43 milljónir króna. Frá þessari fjárhæð dragast skuldir félagsins að fjárhæð 23,6 milljónir króna. Nettóvirði eigna er því um 19 milljónir króna samkvæmt framangreindum forsendum.

IX SAMEINING FÉLAGANNA

Svo sem fyrr er getið varð að samkomulagi á milli aðila að sameina Þormóð ramma hf., Drafnar hf. og Egilssíld hf. í eitt félag undir nafni Þormóðs ramma hf.

Fyrir sameiningu félaganna nam hlutafé Þormóðs ramma hf. 120 milljónum króna og var það aukið jafnhliða sameiningunni um sömu fjárhæð. Þar af voru 80 milljónir króna afhentar í skiptum fyrir hlutabréf í Drafnari hf. og Egilssíld hf. vegna sameiningarinnar, en 40 milljónir króna skulu boðnar til kaups sem nýtt hlutafé.

Við sameininguna fengu hluthafar í Drafnari hf. og Egilssíld hf. hlutabréf í Þormóði ramma hf. í skiptum fyrir öll bréf sín í fyrrnefndu félögunum, hluthafar í Drafnari hf. fengu bréf að nafnverði 52 milljónir króna og hluthafar í Egilssíld hf. bréf að nafnverði 28 milljónir króna. Hlutabréfin í Þormóði ramma hf. voru metin á genginu 1,25 eða 100 milljónir króna við þessi skipti.

Þegar skiptahlutföllin eru skoðuð kemur í ljós að Drafnar hf. og Egilssíld hf. eru metin á mun hærra verði í sameiningunni heldur en bókfært eigið fé félaganna segir til um. Látin voru af hendi hlutabréf í Þormóði ramma hf. sem virt voru á 100 milljónir króna. Hins vegar var bókfært eigið fé félaganna í lok júlí 1990 um 32 milljónir króna hjá Drafnari hf. og um 9 milljónir króna hjá Egilssíld hf., samtals um 41 milljón króna. Við sameininguna var því eigið fé félaganna hækkað upp 2,4 sinnum. Eigið fé Þormóðs ramma hf. sem var um 137 milljónir króna, var aftur á móti virt á 150 milljónir króna (1,09 sinnum).

Eftir sameininguna, en fyrir sölu nýrra hlutabréfa, er hlutafé hins sameinaða félags 200 milljónir króna. Hlutaféð skiptist þannig að eigendur Drafnars hf. og Egilssíldar hf. fengu við sameininguna 40% en fyrri hluthafar Þormóðs ramma hf. 60% (þar af ríkissjóður 24%).

Hefði tekjuvirði félaganna verið metið með sama hætti og gert er hér að framan og það látið gilda hefðu Drafnar hf. og Egilssíld hf. verið metin á 75 milljónir króna og 46 milljónir króna eða samtals 121 milljón króna og Þormóður rammi hf. á 300 milljónir króna. Eignarhlutföllin hefðu því orðið eftirfarandi:

m.kr.	%
-------	---

Drafnar hf.	75	17,8
Egilssíld hf.	46	10,9
Þormóður rammi hf.	<u>300</u>	<u>71,3</u>
	421	100,0%

Hlutur ríkisjóðs í hinu sameinaða félagi hefði þá orðið 120 milljónir króna eða 28,5%